

Athugasemdir frá lögreglustjóranum á Vesturlandi

2. mgr. 10 gr. frumvarps.

Lögreglustjóri getur veitt skotvopnaleyfi þótt viðkomandi hafi brotið ákvæði laga þeirra sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að brot var framið. Að liðnum tveimur árum frá því að brot var framið eða einstaklingur var sviptur skotvopnaleyfi getur lögreglustjóri þó veitt leyfi, enda hafi refsing ekki farið fram úr sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum og ekki verið um að ræða árásar- eða ofbeldisbrot, brot á lögum um ávana- og fíkniefni, ítrekuð ölvunarbrot, ítrekuð brot gegn ákvæðum umferðarlaga um akstur undir áhrifum áfengis, fíkniefna eða annarra lyfja eða brot á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða lögum þessum.

Athugasemd

Seinni hluti málsgreinarinnar er algerlega undantekningalaus er varðar ástæður þess að hafna beri umsókn um veitingu skotvopnaleyfis er varðar brota á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum og vopnalögum. Því þýðir þetta að smávægileg brot geta valdið því að veiting skotvopnaleyfis eða endurveiting er útilokuð. Það sama á við um einstakling sem sem hefur verið uppvis að ítrekuðum ölvunarbrotum eða fíkniefnalagabrotum en hefur bætt ráð sitt. Slíkur einstaklingur getur samkvæmt þessu ákvæði aldrei fengið skotvopnaleyfi óháð því hvort viðkomandi hafi til margra ára sýnt af sér óaðfinnanlega hegðun.

Taka þarf afstöðu til hvort það sé vilji löggjafans að það að hafa brotið gegn tilteknum lögum skuli útiloka menn ævilangt frá skotvopnaleyfi óháð alvarleika brots, betrun eða bættri hegðun í samfélagi.


Við leggjum til að orðalagi verði breytt þannig:

Lögreglustjóri getur veitt skotvopnaleyfi þótt viðkomandi hafi brotið ákvæði laga þeirra sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að brot var framið. Að liðnum tveimur árum frá því að brot var framið eða einstaklingur var sviptur skotvopnaleyfi getur lögreglustjóri þó veitt leyfi, enda hafi refsing ekki farið fram úr sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum og ekki verið um að ræða árásar- eða ofbeldisbrot, brot á lögum um ávana- og fíkniefni, ítrekuð ölvunarbrot, ítrekuð brot gegn ákvæðum umferðarlaga um akstur undir áhrifum áfengis, fíkniefna eða annarra lyfja eða brot á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða lögum þessum.

Skýring

Eins og útskýrt er að ofan er í yfirstrikuðum texta, tekin í burtu heimild sem lögreglustjórum er veitt fyrr í sömu málsgrein. Fyrri hluti málsgreinarinnar er skýr er varðar heimildir til endurveitingar og eru í samræmi við skilyrði í b lið 1. mgr. 12. gr. laganna. (10 gr. frumvarpsins).

e.u.



Jon S. Ólason - Yfirlögregluþjónn

